

Umhverfisstofnun
Áb. _____
03. feb. 2012
8.14.2
Tilv. _____

Vestmannaeyjabær
Umhverfis- og framkvæmdasvið
Friðrik Björgvinsson
Tangagötu 1
900 Vestmannaeyjar



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 3. febrúar 2012
Tilvísun: UST20111000059/edk

Áminning og krafa um úrbætur

Umhverfisstofnun vísar í bréf dagsett 11. nóvember 2011 þar sem Umhverfisstofnun áformaði að áminna rekstraraðila vegna brota á starfsleyfi sorporkustöðvar Bæjarveitna Vestmannaeyja. Einnig er vísað í sjónarmið rekstraraðila sem bárust 30. nóvember sl. og áhættumat og óskir um undanþágur sem bárust 6. desember sl.

Í bréfi dagsett 11. nóvember sl. er meðal annars fjallað um magn urðaðs úrgangs, en árið 2010 voru urðuð 1218 tonn í Bústaðagryfju en skv. ákv. 2.20 í starfsleyfi er einungis heimilt að urða 1000 tonn á ári. Í svörum rekstraraðila frá 30. nóvember sl. kemur fram að í lok september 2011 höfðu 650 tonn verið urðuð á árinu og því útlit fyrir að heildarmagn urðaðs úrgangs árið 2011 hafi verið innan þess sem starfsleyfið heimilar. Umhverfisstofnun mun því ekki aðhafast frekar vegna þessa fráviks frá 2010.

Í bréfi frá 11. nóvember sl. var einnig fjallað um mögulegt PCB í spennum sem voru á starfssvæði þegar eftirlit fór fram. Þessum lið hefur verið svarað í tölvupósti og mun stofnunin ekki beita frekari þvingunum vegna þessa atviks.

Vert er að nefna að á árinu 2011 krafðist Umhverfisstofnun umtalsverðra umbóta á mengunarvörnum sorporkustöðvar Bæjarveitna Vestmannaeyja. Vestmannaeyjabær réðst þá í breytingar á mengunarvarnarbúnaði brennslustöðvarinnar og náði í kjölfarið tókum á mengunarþáttum sem ekki höfðu uppfyllt skilyrði áður, svo sem ryki í útblæstri og magni ýmissa þungmálma í skolvatni, eða öllum þáttum nema innihaldi díoxíns í skolvatni. Um tíma leit út fyrir að einnig hefðu náðst tók á hreinsun díoxíns úr skolvatni, en í mælingu frá mars 2011 mældist það 0,47ng/l sem er ekki langt frá leyfilegum mörkum (0,3ng/l). Síðustu tvær mælingar, sem bárust Umhverfisstofnun í lok ágúst 2011 (5,2ng/l) og byrjun janúar 2012 (5,9ng/l) sýna hinsvegar að hreinsun díoxíns úr skolvatni sörpbrennslustöðvarinnar er enn verulega ábótavant. Á meðan beðið var eftir niðurstöðum síðustu mælingar var einnig óskað eftir sjónarmiðum rekstraraðila varðandi áhættu vegna losunar skolvatns í jarðgrunn eyjarinnar og barst það mat stofnuninni þann 6. desember sl. Þau frávik sem tilgreind eru hér fyrir neðan eru þau sem enn út af standa, en þau varða díoxín sem og tiltekin atriði er varða urðunarstað Vestmannaeyjabæjar.

Þau frávik sem enn hefur ekki verið bætt úr að mati Umhverfisstofnunar eru eftirfarandi:

1. Díoxín/fúrön eru enn yfir leyfilegum mörkum í úrgangsvatni stöðvarinnar, en skv. nýjustu mæliniðurstöðum, sem bárust Umhverfisstofnun 9. janúar sl., mælist gildi þess að meðaltali 5,9ng/L í skolvatni frá sorpbrennslustöðinni en skv. IV. viðauka við reglugerð 739/2003 um brennslu úrgangs má styrkur þess ekki fara yfir 0,3ng/L. Díoxín í frárennsli brennslustöðvarinnar er því nær tuttugufalt það magn sem heimilað er að losa skv. reglugerðinni. Í sjónarmiðum rekstraraðila frá 6. desember sl. kemur fram að rekstraraðili telur nær útilokað að díoxín frá sorpbrennslustöðinni geti haft skaðleg áhrif á heilsu manna, dýra og plantna vegna sérstakra jarðfræðilegra aðstæðna í Vestmannaeyjum. Þar sem Umhverfisstofnun telur rekstraraðila ekki hafa sýnt fram á þetta með óyggjandi hætti var óskað eftir upplýsingum frá Orkustofnun um niðurdælingu á skolvatni, tengsl við nálægar sjótökuholur og nýtingu sjós úr þeim. Þar var staðfest, sem áður hefur komið fram hjá Sorporkustöð Vestmanneyja, að engar neysluvatnsholur eru í Vestmanneyjum. Hins vegar kemur fram að sjótökuholur eru nýttar á loðnuvertíð til vinnslu á loðnuhrognum. Upplýsingar Orkustofnunar voru sendar Sorporkustöðinni, þann 26. janúar sl. Í ljósi þessara hækkuðu gilda og þess að loðnuvertíð var að hefjast óskaði Umhverfisstofnun eftir viðbrögðum Sorporkustöðvar Vestmanneyja hið fyrsta og tilkynnti að stofnunin myndi á næstu dögum senda viðbrögð sín vegna hækkaðra gilda díoxíns í skolvatni. Í bréfi umhverfis- og framkvæmdasviðs Vestmannaeyjabæjar, dags. 27. janúar sl. til Umhverfisstofnunar segir að athugasemdir stofnunarinnar verði teknar til greina þrátt fyrir að Vestmannaeyjabær telji hverfandi líkur á að niðurdæling skolvatns frá sorpbrennslustöðinni hafi áhrif á nálægar borholur. Sorporkustöðin hefur tilkynnt að þeir muni setja sig í samband við þá aðila sem eru að vinna loðnuhrogn á staðnum. Jafnframt kemur fram í bréfi Sorporkustöðvarinnar að auðvelt sé að sjá til þess að ekki verði um niðurdælingu á skolvatni að ræða á meðan á loðnuhrognavinnslu stendur. Í bréfinu kemur einnig fram að notkun sorporkustöðvarinnar hafi minnkað verulega, í stað 25-28 á brennsludaga á mánuði sé nú einungis brennt í 3-5 daga. Það er skilningur Umhverfisstofnunar að Vestmannaeyjabær hafi ákveðið að Sorporkustöðin verði ekki starfrækt á meðan á loðnuhrognavinnslu stendur. Stofnunin hefur því ákveðið að takmarka ekki, að svo stöddu, starfsemi stöðvarinnar eða grípa til stöðvunaraðgerða.

Umhverfisstofnun ber að framfylgja lögum og reglugerðum og fer því fram á það nú sem áður að rekstraraðili nái styrk díoxíns í skolvatni niður að eða undir leyfileg mörk skv. reglugerð, til dæmis með notkun virkra kola líkt og fjallað er um í greinargerð bæjarins vegna framkvæmda í úrgangsmálum sem barst Umhverfisstofnun 8. september 2011. Hyggist Vestmannaeyjabær sækja um undanþágu frá þessum kröfum ber að sækja um hana til umhverfisráðuneytisins. Enn fremur ber að hafa í huga að núverandi starfsleyfi gerir ekki ráð fyrir þeim hreinsibúnaði sem nú er notast við og líkt og kemur fram í bréfi dagsett 24. janúar sl. telur Umhverfisstofnun þetta kalla á nýtt starfsleyfi.

2. Í bréfi dagsettu 11. nóvember sl. fjallaði Umhverfisstofnun um brot á ákv. 2.20 í starfsleyfi, en þann 27. október sl. þegar fulltrúar Umhverfisstofnunar heimsóttu urðunarstað rekstraraðila var sjáanlegur sláturúrgangur á svæðinu en ekki er heimilt að urða slíkan úrgang. Í bréfinu 11. nóvember sl. óskaði Umhverfisstofnun eftir áætlun eða starfsreglum sem sýna hvernig koma megi í veg fyrir að urðaðar séu aðrar úrgangstegundir en fram koma í ákvæði 2.20 í starfsleyfi. Í sjónarmiðum rekstraraðila frá 30. nóvember sl. kemur fram að Vestmannaeyjabær hefur kvartað formlega við Íslenska gámafélagið vegna þessa og að verulegt átak hjá umsjónaraðila hafi verið gert í kjölfarið. Bréfinu fylgir ekki frekari lýsing á hvað hafi verið gert til að koma í veg fyrir urðun óheimilla úrgangsflokka, sbr. ákv. 2.20 í starfsleyfi, Umhverfisstofnun óskar eftir lýsingu á þeim úrbótum sem gerðar hafa verið, til dæmis í formi verklagsreglna.

3. Í sama bréfi var einnig veittur frestur til 1. desember 2011 til að skila inn áhættumat og viðbragðsáætlun. Þann 30. nóvember sendi Vestmannaeyjabær inn áhættumat og viðbragðsáætlun sem ekki telst fullnægjandi að mati Umhverfisstofnunar. Stofnunin fer því fram á að rekstraraðili vinni áhættumat og viðbragðsáætlun í samræmi við meðfylgjandi leiðbeiningar og sendi til Umhverfisstofnunar.
4. Ekki hefur verið sýnt fram á að kröfur um jarðfræðilegan tálma og botnþéttingu á urðunarstað séu uppfylltar en samkvæmt 3. lið, viðauka I, reglugerðar nr. 738/2003 um urðun úrgangs eru kröfur gerðar um jarðfræðilegan tálma og botnþéttingu á urðunarstað í samræmi við tegund urðunarstaðar. Í sjónarmiðum rekstraraðila er óskað eftir undanþágu frá kröfum um jarðfræðilegan tálma og botnþéttingu vegna sérstakra jarðfræðilegra aðstæðna í Vestmannaeyjum. Umhverfisstofnun hefur tekið beiðni um undanþágu til athugunar og mun því ekki áminna fyrir þetta frávik að svo stöddu.
5. Starfsleyfistrygging hefur ekki verið send Umhverfisstofnun en samkvæmt 17. gr. reglugerðar nr. 738/2003 um urðun úrgangs skal rekstraraðili leggja fram starfsleyfistryggingu. Í sjónarmiðum rekstraraðila frá 6. desember sl. er óskað eftir að veitt verði undanþága frá starfsleyfistryggingu urðunarstaðar á eyju, með vísan í bráðabirgðaákvæði reglugerðar nr. 738/3003. Umhverfisstofnun hefur tekið beiðni um undanþágu til athugunar og mun því ekki áminna fyrir þetta frávik að svo stöddu.


Umhverfisstofnun veitir hér með Vestmannaeyjabæ áminningu, sbr. 2. mgr. 48. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, vegna frávika nr. 1 og 2 hér að ofan. Umhverfisstofnun veitir Vestmannaeyjabæ frest til framkvæmdar úrbóta varðandi magn díoxíns í skolvatni til 24. febrúar nk. Fresturinn byggir á þeim forsendum sem að framan greinir: að ekki verði brennt á meðan loðnuvertíð stendur yfir og að Vestmannaeyjabær setji sig í samband við rekstraraðila sem nýta vatn úr sjótökuholum. Umhverfisstofnun veitir sama frest til að skila inn úrbótum varðandi frávik nr. 2 og 3, þ.e. lýsingu á því hvað hafi verið gert til að koma í veg fyrir urðun úrgangsflokka sem óheimilt er að urða, til dæmis í formi verklagsreglna, sem og fullnægjandi áhættumat og viðbragðsáætlun. Staðfestingu á að úrbætur hafi verið gerðar skal skilað til Umhverfisstofnunar fyrir 24. febrúar nk.


Sinni Vestmannaeyjabær ekki framangreindum tilmælum Umhverfisstofnunar innan tilskilins frests er stofnuninni heimilt að ákveða fyrirtækinu dagsektir allt að upphæð 500.000 kr á dag þar til úr er bætt, sbr. 2. mgr. 44. gr. reglugerðar nr. 739/2003, takmarka, stöðva starfsemi stöðvarinnar eða svipta starfsleyfi 48. gr. laga um meðhöndlun úrgangs sbr. 26. gr. sbr. 28. gr. laga laga um hollstuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998.

Umhverfisstofnun bendir á að skv. 49. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs er heimilt að vísa ágreiningi um ákvarðanir yfirvalda til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, sbr. 4. gr. laga nr. 130/2011. Skal kærán borin fram við nefndina innan eins mánaðar frá því að ákvörðun þessi berst rekstraraðila í hendur skv. 1. gr. laga nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Aðsetur nefndarinnar er að Skúlagötu 21, 101 Reykjavík.

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á 1. gr. gjaldskrár Umhverfisstofnunar nr. 517/2011, þar sem segir að stofnunin innheimti gjald fyrir útselda vinnu sérfræðings við verkefni og þjónustu sem stofnuninni eru falin í lögum og reglugerðum og sem heimilt er að taka gjald fyrir. Gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgni vegna frávika frá ákvæðum starfsleyfis verður innheimt samkvæmt gjaldskrá.

Virðingarfyllst


Sigrún Agústs dóttir
sviðsstjóri


Sigríður Kristjánsdóttir
deildarstjóri

Afrit: Heilbrigðisnefnd Suðurlands